

## Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 12. mars 2012 kl. 17.00



Mætt voru: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Ármann Ketilsson, Hörður Sigurharðarson, Áslaug Kristjánsdóttir og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri. Áslaug var fundarritari í fjarveru Margrétar sem var erlendis.

**1. Ársreikningur** var lagður fram og undirritaður.

**2. Samskip Landflutningar** afhentu kr. 588.432 til styrktar börnum og unglingum, innkoma vegna jólapakkasendinga hjá þeim á leiðinni Akureyri – Reykjavík.

**3. Þing ÍBA.** Þóra er að vinna í ársskýrslunni og hún verður prentuð fyrir páska hjá Ásprent.

Rætt um lög og reglur ÍBA og fundur boðaður mánudaginn 19. mars til að fara yfir þau.

Ársþing ÍBA verður 25 apríl kl. 18 en ekki er búið að ákveða fundarstað.

**4. Önnur mál.** Rætt var um 150 ára Afmæli Akureyrarbæjar og hefur Þröstur áhyggjur af því þar sem lítið virðist vera að gerast í því. Fánar eru hjá Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar og þarf að sækja þá þangað. Ákveðið var að Þóra upplýsi félögin hvar fánarnir eru og hvort að einhver hafi viðburð í mars.

Umræða um ráðstefnu um ofþjálfun unglunga.

Samstarf við ÍSÍ og ÍBA rætt

Rætt um málþing um íþróttadómara sem haldið er hjá ÍSÍ 21. mars.

Rætt um að koma á Akureyrarleikum í einstökum greinum. Þröstur heldur áfram að móta hugmyndina að koma þessu á hér á Akureyri.

Rætt var um félagsaðild til keppni erlendis. Umræðu frestað til 19. mars.

Rætt var um munntóbaksnotkun þjálfara og rætt var um mögulegt samstarf við forvarnarfulltrúa en kostnaður er mikill.

Bréf frá skólanefnd um íþrótt- og tómskundaskóla, um skipulag og framkvæmd fyrir aldurshópa 5-9 ára. ÍBA lýsir yfir ánægju með þetta. Beðið eftir að formaður ÍRA kanni.

Þröstur hvetur fólk til að skoða slóðina [www.ibr.is](http://www.ibr.is)

Rætt var um aðalfundi hjá félögum aðildarféлага og að fulltrúi frá ÍBA mæti. Minna félögin á að sendur verði póstur til ÍBA um fyrirhugaða fundi.

Senda ÍSÍ kveðjur með þakklæti fyrir bókina og fánana. Stefnum á að láta íþróttamannvirki hafa fána til að flagga í tilefni afmæli ÍSÍ.

Haukur sagði frá aðalfundi sem hann fór á.

Rætt var um samstarfssamning Þórs og UFA.

Fundi var slitið kl. 18.30

Fundarritari Áslaug Kristjánsdóttir